

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

6. tbl. 2. árg.

3. júní 2024



Sláttur er hafinn.

Grasið grænkar

Sumarið er gengið í garð og grasið grænkar. Ungmennni í vinnuskólunum hefja störf fimmtudaginn 6. júní og hefjast þá handa við að fegra bæinn og halda

snyrtilegum yfir sumarmánuðina. Sveitarfélagið festi á dögnum kaup á nýjum Avant liðlétting. Avantinn er fjölhæft vinnutæki sem nýtist í fjölmörg

stór og minni verkefni allan ársins hring. Bæði er hægt að kaupa og fá leigt mikið úrval af aukabúnaði á tækið fyrir ýmsa jarðvinnu, garðslátt, skórækt, sn-

jómokstur og ótal fleiri verkefni. Á myndinni hér að ofan má sjá Jan, starfsmann í Áhaldahúsi, slá Hólmgarðinn á nýja liðléttingnum í blíðskaparveðri.

Framkvæmdir við Sundlaug Stykkishólms



Framkvæmdir í fullum gangi við sundlaugina.

Eins og greint var frá á vef sveitarfélagsins er sundlaug Stykkishólms nú lokuð vegna viðhalds. Búið er þó að opna innilaugina. Viðhaldsframkvæmdir ganga vel en búið er að reisa einfalda yfirbyggingu yfir sundlaugi-

na til að forðast vætu á meðan framkvæmdum stendur. Á meðan unnið er að endurbótum á yfirborðsefni sundlaugarinnar er tíminn einnig vel nýttur í önnur viðhaldsverkefni, má t.d. nefna smávægilegar lagfæringar á innilaug,

endurbætur á flísalögn í kringum laugar, viðhald á sturtuklefum ofl. Þá var ákveðið, eftir að framkvæmdir hófust, að skipta um yfirborðsefni á vaðlaug í leiðinni, en flísar á vaðlauginni voru orðnar lélegar. Nýtt yfirborðsefni verður því

einnig sett á vaðlaugina. Stefnt var að því að opna laugina mánudaginn 3. júní sem ekki náðist. Innilaugin var opnuð síðastliðinn laugardag en allt kapp er nú lagt á að ljúka framkvæmdum sem fyrst og opna útilaugina.



Hægt er að fylgjast með framgangi máls á facebooksíðu sundlaugar Stykkishólms.

Auglýst eftir fjármála- og skrifstofustjóra



Staða fjármála- og skrifstofustjóra kemur í stað bæjarritara.

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur undanfarið auglýst eftir fjármála- og skrifstofustjóra fyrir sveitarfélagið.

Fjármála- og skrifstofustjóri stýrir fjármálum sveitarfélagsins og er yfirmaður á bæjarskrif-

stofu. Starfið er mjög fjölbreytt og tekur skrifstofu- og fjármálastjóri virkan þátt í stjórnun og stefnumótun sveitarfélagsins ásamt því að leiða margþætt verkefni er varða stjórnslu og fjármál á tímum framfara og þróunar. Skrifstofu- og fjármálastjóri er jafnframt staðgengill bæjarstjóra. Umsóknarfrestur var til og með 1. júní. Bæjarstjóra hefur verið falið að annast undirbúning ráðningar í samræmi við þar til gerða áætlun og gera í framhaldi tillögu að ráðningu við bæjarstjórn.

Dansandi nálar - útsaumur frá París eftir Guðrúnu Eleni



Guðrún Elena Magnúsdóttir heldur útsaumssýningu með útskriftarverkum frá École Lesage skólanum í París í Norska húsinu, Stykkishólmi. Sýningin opnaði laugardaginn 1. júní síðastliðinn. École Lesage er útsaumsskóli í París sem starfað hefur frá 1992 en foreldrar stofnanda skólans (François

Lesage), Albert og Marie-Louise tóku við La Maison Michonet vinnustofunni árið 1924 en vinnustofan var upphaflega stofnuð árið 1858. Innan Maison Lesage er stærsta safn listræns útsaums í heiminum, með um 75.000 sýnishorunum. Námsefni skólans er sett saman með innblástri frá safnkostinum.

Skólaslit



Tónlistarskóla Stykkishólms var slitið með glæsilegum hátíðartónleikum í Stykkishólmskirkju 23. maí síðastliðinn. Skólaslit Grunnskólans

í Stykkishólmi fara svo fram þriðjudaginn 4. júní kl. 17:00 Í Stykkishólmskirkju fyrir eldri bekkir skólans en 10:00 á Amtsbókasafninu fyrir yngri bekkir.

Póra Margrét Birgisdóttir ráðin skólastjóri



Póra Margrét Birgisdóttir, nýráðin skólastjóri.

Starf skólastjóra grunnskóla og tónlistarskóla var auglýst laust til umsóknar þann 15. mars sl. og var umsóknarfrestur til og með 3. apríl sl. Tvær umsóknir bárust um starfið. Á 25. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, þann 15. maí, samþykkti bæjarstjórn að ráða

Póru Margréti Birgisdóttur í stöðu skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms. Ákvörðun bæjarstjórnar er byggð á niðurstöðu ráðgjafa Attentus sem taldi Póru Margréti mæta best þeim kröfum sem gerðar voru í auglýsingu um starfið eftir heildarmat á hæfni umsækjenda. Undanfarin ár hefur Póra Margrét starfað sem aðstoðarskólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi, eða frá árinu 2021, og þekkir því starfið vel. Þar áður starfaði hún sem umsjónarkenari við skólann í rúm 11 ár, bæði á mið- og unglingastigi, og sinnti m.a. hlutverki árgangastjóra. Póra Margrét er með B.Ed gráðu í tónmenntarkennslu frá Kennaraháskóla Íslands

en hún er einnig með diplóma í tómtunda- og félagsmálafræði frá sama skóla. Jafnframt lauk hún við diplóma frá Háskólanum á Akureyri árið 2023 í upplýsingatækni í námi og kennslu. Póra Margrét hefur jafnframt starfað sem deildarstjóri í leikskóla, verslunarstjóri og deildarstjóri félagsmiðstöðva. Póra Margrét hefur sinnt ýmsum félagsstörfum, m.a. starfi verkefnastjóri Danskra daga í Stykkishólmi. Póra Margrét tekur við starfinu 1. ágúst næstkomandi. Sveitarfélagið óskar Póru Margréti til hamingju með nýtt starf og þakkar jafnframt Heimi Eyvindarsyni, fráfarandi skólastjóra, fyrir vel unnin störf í þágu skólasamfélagsins.

Verður Snæfellsnes fyrsti UNESCO vistvangur á Íslandi?



Íbúafundur á Höfðaborg.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, í samstarfi við Snæfellsjökulþjóðgarð, býður til kynningar og umræðufundar á Höfðaborg mánudaginn 3. júní kl. 14:00. Yfirskrift fundarins er „Snæfellsnes – fyrsti UNESCO vistvangur á Íslandi?“ Nú þegar hafa yfir 700 svæði, í 124 löndum, uppfyllt skilyrði til að kallast UNESCO vistvangur. Til að komast í þeirra raðir þurfa svæði að búa yfir náttúrumin-

jum og vistkerfum sem hafa mikla sérstöðu og alþjóðlegt verndargildi. Þar er unnið eftir samfélagssáttmála; milli atvinnulífs, íbúa og stjórnsýslueininga. Sýna þarf fram á stjórnunarátönn, breiða þátttöku samfélagsins og áætlun um fræðslu og rannsóknir til að uppfylla skilyrðin. Þetta málefni verður til umræðu á íbúafundi á Höfðaborg í dag, mánudaginn 3. júní kl. 14:00.



Ekki amalegt að koma í land þar sem þessi hópur situr í móttökunefnd.

Skemmtiferðaskip sækja í Hólminn

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kom í höfn í Stykkishólmi 10. maí síðastliðinn. Móttökurnar voru ekki af verri endanum en það voru þeir Jón Beck, Jón Jakob, Jón Páll, Einar Strand og Ingvar sem tóku á móti skipinu með bros á vör. Ekki hefur verið annað að sjá að en að skipverjar, sem gjarnan má þekkja á rauðum stökkum, séu

ánægðir með komuna í Hólminn. Enda blómlegt atvinnu- og mannlíf á höfninni sem tekur á móti ferðaglöðum rauðstökkunum. Samkvæmt áætlun verða skemmtiferðaskipakomurnar alls 22 í sumar en þó gæti enn eitthvað bæst við. Aftar í blaðinu má finna lista yfir þær skipakomur sem eftir eru samkvæmt áætlun.



Sjómanna dagurinn haldinn hátíðlegur



Ellert Kristinsson ásamt Guðjóni og Ástu.
Mynd: Friðjón Ingi Guðmundsson

Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur um land allt sunnudaginn, 2. júní síðastliðinn. Venju samkvæmt hér í Hólminum var blómsveigur lagður að minnismerki sjómanna í kirkjugarði og annar að minnismerki látinna sjómanna á hafnarsvæði. Þá var messa í Stykkishólmskirkju þar sem sjómaður var heiðraður fyrir störf sín. Að þessu

sinni var Guðjón Hjaltafín heiðraður fyrir sín störf. Sveitarfélagið sendir sjómönnum öllum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómanna dagsins.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Öspum plantað við íþróttavöllinn



Sumarstarfsfólk í Áhaldahúsi sinnir gróðurverkum.

Eins og glöggir vegfarendur hafa eflaust tekið eftir hefur Skógræktarfélag Stykkishólms undanfarið unnið að því í samstarfi við sveitar-

félagið að planta öspum innan girðingar meðfram íþróttavellinum. Aspirnar eru nú um einn og hálfur metri að hæð en gera má ráð fyrir

að það togni vel og fljótt úr þeim í veðursældinni hér í Stykkishólmi. Aspir verða yfirleitt 15-50 metra háar og getur stofn stærstu te-

gunda orðið allt að 250 cm í þvermál, þeim er víða plantað innan bæjarmarka til að brjóta vind og koma eflaust til með að sinna því vel.



Bekkur til minningar um Njál Þórðarson

Í lok maímánuðar hélt 74' árgangurinn frá Stykkishólmi bekkjarmót hér í Hólminum. Hópurinn notaði tækifærið og færði Hólminum bekk að gjöf til minningar um Njál Þórðarson bekkjabróður sinn. Njalli var Hólmurum velkunnur en hann setti einnig sterkan svip á íslenskt tón-

listarlíf með sínum verkum. Njallabekkurinn er staðsettur á hólnum við Tónlistarskóla Stykkishólms þar sem hægt er að tilla sér niður og njóta útsýnis yfir bæ og breiðan fjörð. Á myndinni hér til hliðar má sjá hluta af 74' árgangnum og fjölskyldu Njalla við bekkinn fyrir framan Tónlistarkólann.



Mynd frá Vestfjarðarvíkingnum sem fram fór í Stykkishólmi sumarið 2020.

Fjallkonan kraftakeppni

Kraftakeppnin Fjallkonan fer fram í fyrsta skipti dagana 8. og 9. júní næstkomandi. Um er að ræða kraftakeppni kvenna sem fram fer í Stykkishólmi og á Akranesi. Keppt verður í Stykkishólmi laugardaginn 8. júní og hefjast

leikar kl. 12:30 neðan við Fosshótel Stykkishólms. Seinni keppnisgrein fer fram við húsnæði BB og sona á Reitarvegi kl. 14:30. Sunnudaginn 9. júní verður keppt við Guðlaugu á Akranesi kl. 12:30.



Minningarathöfn um Vigni Jónasson

Minningarathöfn um Vigni Jónasson var haldin laugardaginn 1. júní við reiðhöllina í Stykkishólmi. Athöfnin var vel sótt og falleg en með henni vildu vinir og aðstandendur heiðra minningu Vignis og var meðal annars glæsilegur minnisplatti afhjúpaður til minningar um Vigni. Eins og Hólmurum er

kunnugt lést Vignir Jónasson af slysförum við heimili sitt í Svíþjóð í byrjun árs. Hann fæddist í Stykkishólmi 31. maí 1971 og ólst þar upp. Foreldrar Vignis eru þau Jónas Sigurðsson og Árný Ingibjörg Ólafsdóttir. Vignir fékk snemma áhuga á hrossum og fluttist ungur til Reykjavíkur þar sem hann

vann við áhugamál sitt sem knapi, reiðkennari og tamningamaður. Hann keppti á sínu fyrsta Landsmóti hestamanna árið 1986. Um langt skeið var hann hluti af íslenska landsliðinu í hestaíþróttum og tók þátt í sínu fyrsta stórmóti árið 1995 í Sviss og fylgdi liðinu til 2003. Árið 2001 varð hann heimsmeistari í fimmgangi og samantöggðum fimmgangsgreinum á Klakki frá Búlandi. Það ár varð hann jafnframt Íslandsmeistari í fimmgangi og var valinn bæði íþróttaknapi ársins og knapi ársins. Frá árinu 2007 var Vignir viðloðandi sænska landsliðið og 2015 varð hann heimsmeistari fyrir hönd Svíþjóðar í slaktaumatölti, hann var jafnframt hluti af liðinu á síðasta heimsmeistaratóti. Á ferli sínum náði Vignir framúrskarandi árangri sem hestaíþróttamaður og ræktandi. Vakin er athygli á því að á vef Eidfaxa má lesa falleg minningarorð sem Lárus Ástmar Hannesson skrifaði um Vigni. Vignir lætur eftir sig eiginkonu, þrjá drengi og tvö stjúpbörn.



Hvetur fólk til að nýta sundlaugina í sumarblíðunni

Magnús Ingi Bæringsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, tók við umsjón á rekstri og starfsemi íþróttamiðstöðvar fyrir á þessu ári. Magnús gerir ráð fyrir blómlegu sumri í húsinu og hvetur Hólmara og Helgafellinga til að nýta þá góðu aðstöðu sem hér er í boði. *“Þá vil ég einnig nýta tækifærið og þakka nágannasveitarfélögum okkar fyrir að taka vel á móti sundþyrstum Hólmurum á meðan laugin okkar er lokuð vegna viðhaldsframkvæmda.”* - sagði Magnús Ingi.

Skemmtiferðaskipakomur á næstunni

Dags.	Nafn Skips
2. júní	Silver Endeavour
2. júní	Nansen
13. júní	Hebridean Sky
15. júní	Silver Wind
16. júní	Hebridean Sky
26. júní	Hebridean Sky
28. júní	Silver Endeavour
5. júlí	Hebridean Sky
9. júlí	Maud
25. júlí	Silver Wind
31. júlí	Fram
2. ágúst	Silver Wind
2. ágúst	Fram
7. ágúst	Maud
18. sept.	Silver Endeavour

Skógræktarfélagið selur birki




Asmundur og plönturnar.

Skógræktarfélag Stykkishólms auglýsti nú á dögunum takmarkað magn til sölu af veglegum birkiplöntum frá þeim Ritu og Páli á gróðurstöðinni Grenigerði í Borgarnesi. Plön-

tur þaðan hafa plumað sig vel í Stykkishólmi undanfarin ár. Þeir sam hafa áhuga á að næla sér í plöntur geta haft samband við Björn Ásgeir, formann félagsins, eða Ásmund Guðmundsson

Bæjarstjórn unga fólksins



Heiðrún Edda Pálsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Fyrsti fundur bæjarstjórnar unga fólksins fór fram miðvikudagin, 8. maí. Bæjarstjórn unga fólksins er skipuð ungmennum úr ung-

mennaráði sem sjá um fundarstjórn og undirbúning fundar. Á fundum bæjarstjórnar unga fólksins kynna fulltrúar unga fólksins áherslumál og bæjarfulltrúar sitja til svara. Á fundinum var bæjarstjórn meðal annars hvött til að leggja áherslu á að tryggja félagsmiðstöðinni betra húsnæði fyrir sína starfsemi. Lagar voru fram tillögur að bættri og aukinni götulýsingu og bæjarstjórn hvött til að skoða möguleika á tvískiptum sorptunnum á ljósastaura og gefa þannig gangandi vegfarendum

kost á að flokka sorp. Þá voru málefni Fjölbautaskóla Snæfellinga tekin til umræðu og farið yfir niðurstöður úr lýðræðisþingi Grunnskólans í Stykkishólmi sem fram fór 15. apríl síðastliðinn. Fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins kölluðu meðal annars eftir aukinni verklegri kennslu í grunnskóla og hvöttu bæjarstjórn til að taka mótuneytismál í skólanum til athugunar, með tilliti til gæða máltíða og fyrirkomulags. Hægt er að nálgast upptöku af fundinum á youtubeás sveitarfélagsins.

Sátan - Hávaði í Hólminum



Sátan, rokkhátíð, fer fram í íþróttamiðstöðinni.

Sátan verður haldin dagana 6.-8. júní næstkomandi. Sátan er þriggja daga þungarokkshátíð haldin í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi. Hátíðin leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af frems-tu þungarokkshljómsveitum Íslands. Viðburðarhaldarar gera ráð fyrir að hátt í 800 manns sæki Hólminn heim í tengslum við hátíðina. Tónleikar hefjast í íþróttamiðstöðinni kl. 15:50 dagana þrjá og standa fram yfir miðnætti. Óhætt er því að gera ráð fyrir blómlegu mannlífi í Stykkishólmi þessa helgi.

Höfðingleg gjöf



Árþóra með málningarrúlluna á lofti.

Björn Benediktsson málarameistari gaf Höfðaborg nú á dögunum málningu og vinnu sína þegar hann, ásamt Árþóru eiginkonu sinni, málaði setustofuna á efri hæð á Höfðaborg. Til stendur að nýta stofuna sem notarlegt sjónvarps- og seturými

fyrir íbúa hússins. Veggir voru farnir að láta á sjá og ákváðu þau hjón því að taka málin í sínar hendur og fríska upp á rýmið. Auk málningavinnu þússuðu þau einnig gólfíð og lökkuðu. Sveitarfélagið sendir Árþóru og Bjössa kærar þakki fyrir.

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

6. tbl. 2. árg.

3. júní 2024



Sláttur er hafinn.

Grasið grænkar

Sumarið er gengið í garð og grasið grænkar. Ungmennni í vinnuskólunum hefja störf fimmtudaginn 6. júní og hefjast þá handa við að fegra bæinn og halda

snyrtilegum yfir sumarmánuðina. Sveitarfélagið festi á dögnum kaup á nýjum Avant liðlétting. Avantinn er fjölhæft vinnutæki sem nýtist í fjölmörg

stór og minni verkefni allan ársins hring. Bæði er hægt að kaupa og fá leigt mikið úrval af aukabúnaði á tækið fyrir ýmsa jarðvinnu, garðslátt, skórækt, sn-

jómokstur og ótal fleiri verkefni. Á myndinni hér að ofan má sjá Jan, starfsmann í Áhaldahúsi, slá Hólmgarðinn á nýja liðléttingnum í blíðskaparveðri.